

Fundinn sátu: Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri, Arna Friðriksdóttir fulltrúi foreldra, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra, María Kristveig Björnsdóttir nemandi, Bergdís Valdimarsdóttir nemandi, Elfa Friðriksdóttir fulltrúi kennara, Særún Sigurjónsdóttir og Tómas Þór Jacobsen fulltrúar starfsmanna og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Efni fundarins:

1. Næsti vetur. Edda Björg fór yfir skipulag skólastarfsins næsta vetur. Litlar breytingar verða á starfsmannahaldi. Hrefna kemur aftur úr leyfi, Elfa fer í námsleyfi og Edda Björg lætur af störfum skólastjóra. Sesselja tekur við starfi skólastjóra og Ósk Auðunsdóttir verður aðstoðarskólastjóri. Einn stundakennari hættir sem ráðinn var vegna afleysingar í vetur. Búið er að auglýsa eftir kennara á miðstigi og verður farið í að hitta umsækjendur á næstu dögum. Búist er við að ráðningarferlið geti gengið hratt fyrir sig eftir að umsóknarfrestur rennur út.
2. Nemendafjöldi næsta vetur og hvernig við sjáum fyrir okkur framhaldið. Eins og staðan er við lok þessa skólaárs þá er fækkun nemenda í skólanum. Megin ástæðan er sú að verið er að útskrifa fjölmennan 10. bekk en nýir nemendur í 1. bekk eru helmingi færri. Margar fyrirspurnir hafa borist skólanum um námsvist næsta vetur og því ekki ólíklegt að nemendum eigi eftir að fjölga aftur þegar fram líða stundir.
3. Umræða um innilegu. Ákvörðun var tekin um að fresta innilegu þetta árið vegna Covid-19. Sú umræða hefur verið hjá starfsfólki að innilega sé barn síns tíma í óbreyttri mynd og verði sífellt flóknari í framkvæmd. Ákvörðun um að sleppa innilegu í ár virðist lítið hafa verið rædd í nemendahópnum. Foreldraráð ræddi innilegu á sínum fundi í síðustu viku og vilji er þar til að halda henni áfram en með breyttu sniði. Þá er hugmyndin að farið verði með alla nemendur skólans í fjallgöngu, síðan verði grillveisla í kjölfarið og etv. eitt skemmtiatriði frá foreldrum eða eitthvað slíkt.
4. Útskrift 10. bekkjar verður með hefðbundnum hætti, það verður tveimur foreldrum boðið með hverju barni og að útskrift lokinni verður síðbúin árshátíð unglíngadeildar. Engar veitingar verða á boðstólnum við útskrift en Klakinn mun sjá um allt skipulag árshátíðarinnar.
5. Sjálfsmatsskýrsla, kynning á henni. Skólinn sýndi góðan árangur á samræmdum prófum í öllum árgöngum. Nemendur í 7. bekk eru langt yfir meðaltali á landinu. Málnotkun er sá þáttur sem kemur verst út í öllum bekkjum en hún hefur verið slakasti þátturinn í íslensku undanfarin ár. Nemendur Sjálandsskóla eru almennt sterkir í lestri. Má það eflaust þakka að einhverju leiti skýrri lestrarstefnu skólans og áherslum á PALS í öllum árgöngum í 1.-7. bekk. Skýrsla vegna samræmdra prófa er á heimasíðu skólans, ásamt lestrarstefnu og sjálfsmatsskýrslu.

6. Rætt var um ferðir á vegum skólans. Upp hafa verið að koma alvarleg atvik í skólaferðalögum á vegum skólans. Rætt var um viðbrögð skólans við slíkum atvikum. Málið hafði einnig verið rætt á fundi foreldrarfélags Sjálandsskóla. Skýra þarf betur viðbragðsáætlun vegna atvika sem upp koma í ferðum og skerpa á verkferlum þegar upp koma slíkar aðstæður. Það verður í höndum nýs skólastjóra að koma því til leiðar.

Önnur mál voru ekki rædd.